

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2013



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Ljósmynd á forsíðu
Stóra-Núpskirkja

© 2015
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Ný stofnun verður til	3
2.	Skipurit	5
2.1	Skrifstofusvið	5
2.2	Rannsókn- og miðlunarsvið	5
2.3	Umhverfis- og skipulagssvið	6
2.4	Minjavarðasvið	6
2.5	Mannauðsmál	7
2.6	Ráðgefandi nefndir	7
3.	Fjármál	10
3.1	Minjastofnun Íslands	10
3.2	Fornminjasjóður	10
3.3	Húsafriðunarsjóður	11
4.	Rannsóknir og miðlun	13
4.1	Rannsóknir	13
4.2	Miðlun	14
5.	Inn- og útflutningur menningarminja	15
6.	Umhverfi og skipulag	16
7.	Verndun og friðlýsingar	18
7.1	Úttektir á sviði húsverndar	18
7.2	Tillögur um friðlýsingar	18
8.	Samstarfsverkefni	20
8.1	Innlend verkefni	20
8.2	Erlend verkefni	21
9.	Minjasvæðin	23
9.1	Reykjavík	23
9.2	Reykjanes	24
9.3	Vesturland	25
9.4	Vestfirðir	26
9.5	Norðurland vestra	26
9.6	Norðurland eystra	27
9.7	Austurland	27
9.8	Suðurland	28
10.	Sjóðir	30
10.1	Fornminjasjóður	30
10.2	Húsafriðunarsjóður	30
11.	Starfsmenn	33

1. Ný stofnun verður til

Minjastofnun Íslands tók til starfa 1. janúar 2013, en hún varð til við sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafríðunarnefndar. Ástæða sameiningarinnar var fyrst og fremst samræming innan málaflokksins, en ýmis verkefni stofnananna sköruðust og var því einnig mikil fagleg hagræðing af sameiningunni. Minjastofnun Íslands starfar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011.

Eins og fram kemur í lögum er starfsemi Minjastofnunar Íslands mjög umfangsmikil og ýmis verkefni hafa verið flutt til hennar frá öðrum stofnunum, nefndum og ráðuneyti. Meðal þeirra er umsýsla og ákvarðanataka vegna styrkja úr fornminja- og húsafríðunarsjóðum, minjavarsla í Reykjavík og umsýsla og ákvarðanataka vegna flutnings minja og sýna úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa.

Ekki var gefinn kostur á að hefja sameiningarvinnuna fyrr en 2. janúar 2013. Þá var hafist handa við hagræðingu innan húss, sameiningu bóka- og skjalasafna stofnananna, ráðningarmál, breytingar á símakerfi og tölvukerfi, gerð nýrrar heimasíðu og gerð merkis fyrir nýju stofnunina og unnið var að stefnumörkun stofnunarinnar sem unnin var með aðstoð Þórðar Sverrissonar og Þórdísar Jónu Sigurðardóttur frá Capacent.

Í upphafi árs var ákveðið að leita til Gísla B. Björnssonar auglýsingateiknara um að hanna merki fyrir stofnunina. Í samráði við hann var ákveðið að leita til þriggja teiknara um tillögur að merki. Skipuð var dómnefnd sem í sátu Kristín Huld Sigurðardóttir formaður og Pétur H. Ármannsson arkitekt sem voru fulltrúar Minjastofnunar Íslands og Eiríkur Þorláksson listfræðingur sem var fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis. Nefndin naut aðstoðar Gísla við val á merki. Hlutskörpust urðu Edda Sigurðardóttir og Kári Martinsson Regal hjá Porthönnun en merkið þótti stílhreint og vera góð tilvísun bæði til húsa og fornleifa.

Leitað var ráðgjafar hjá Jon Suul, forstjóra Norsk Kulturminnefond, um stefnu sjóðanna og áttu starfsmenn Minjastofnunar, formenn sjóðanna og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis góða fundi með honum í Reykjavík í maí. Í lok árs úthlutaði forsætisráðuneytið fjármagni í ýmis verndarverkefni til atvinnuuppbyggingar og fjölgunar vistvænna starfa og sér Minjastofnun um samningagerð vegna þeirra, greiðslu styrkja og eftirlit með verkefnunum. Minjastofnun Íslands hóf lífsferil sinn sem ein undirstofnana mennta- og menningarmálaráðuneytis en við stjórnarskipti í maí var ákveðið að stofnunin flyttist til forsætisráðuneytis skv. forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 71/2013 frá 24. maí 2013.

Fimmtudaginn 28. nóvember 2013 bauð Minjastofnun Íslands til morgunverðarfundar á Hótel Sögu sem bar yfirskriftina **Verndun, viðhorf og væntingar**. Fundurinn hófst með því að Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur hjá forsætisráðuneytinu, flutti ávarp fyrir hönd forsætisráðuneytisins. Síðan fluttu Deborah Lamb, Director of National Advice and Information hjá English Heritage, Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, og Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, erindi. Deborah Lamb fjallaði um verndarsvæði í bæjum og borgum á Englandi (Conservation Areas),



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður
Minjastofnunar Íslands.

Ásthildur ræddi um viðhorf og væntingar sveitarstjórnarmanna til minjavörslu og Kristín Huld gerði grein fyrir áherslum og framtíðarsýn Minjastofnunar Íslands næstu árin. Að loknum erindum tóku fundargestir þátt í hringborðsumræðum um efni erindanna og annað sem þeir vildu koma á framfæri. Margar gagnlegar ábendingar komu fram sem munu nýtast Minjastofnun Íslands í áframhaldandi þróunarvinnu og stefnumótun. Fundargestir voru um 70 talsins og fundarstjóri var Þórdís Jóna Sigurðardóttir hjá þekkingarfyrirtækinu Capacent. Stefnir Minjastofnun Íslands að því að slíkar ráðstefnur verði árlegur viðburður á haustmánuðum.


Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður



**Frá ársfundi
Minjastofnunar
Íslands á Hótel Sögu.
Deborah Lamb flytur
erindi um
verndarsvæði í
bæjum og borgum á
Englandi.**

Starfsemi Minjastofnunar skiptist í fjögur svið: Skrifstofusvið, minjavarðasvið, rannsókn- og miðlunarsvið og umhverfis- og skipulagssvið.



2.1 Skrifstofusvið

2.2 Rannsóknar- og miðlunarsvið

Verkefni sviðsins skipast í fjóra meginflokka:

Rannsóknir og skráning. Rannsókn- og miðlunarsvið fjallar um og veitir leyfi til fornleifauppgraftar. Sviðið hefur eftirlit með uppgrefti og skilum á skýrslum, gögnum og gripum úr slíkum rannsóknum. Sviðið stýrir rannsóknum á vegum Minjastofnunar svo sem neyðarrannsóknum og úttektum gerðum af starfsmönnum hennar. Sviðið heldur einnig utan um skráningu minja og hefur umsjón með gagnagrunnum stofnunarinnar um friðlýst og friðuð hús, mannvirki og fornleifar auk minningarmarka í kirkjugörðum.

Erlend samskipti. Sviðið stýrir erlendum samstarfsverkefnum stofnunarinnar og fæst við verkefni vegna inn- og útflutnings menningarminja.

Reglur, staðlagerð og gæðamál. Sviðið heldur utan um innri verklagsreglur stofnunarinnar, starfsmannahandbók og staðla fyrir hina ýmsu málaflokka sem undir stofnunina heyra.

Miðlun. Sviðið sér um heimasíðu Minjastofnunar og útgáfu leiðbeininga og annars kynningarefnis fyrir stofnunina.

2.3 Umhverfis- og skipulagssvið

Verkefni sviðsins skiptast í þrjá meginflokka:

Umsagnir um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Meðal verkefnanna eru umhverfismatsáætlanir, aðal- og deiliskipulagsáætlanir, byggða- og húsakannanir og fornleifaskráningar tengdar öllum verkefnum. Undir sviðið falla einnig breytingar á friðlýstum, friðuðum og varðveisluverðum mannvirkjum og erindi um afléttingu friðunar og friðlýsingar.

Ráðgjöf og eftirlit með endurbótum á friðlýstum, friðuðum og varðveisluverðum minjum og mannvirkjum. Meðal annars er fengist við úttektir á verkefnum sem hlotið hafa styrki úr húsafriðunarsjóði. Mat á framvindu- og lokaskýrslum styrktra verkefna. Ráðgjöf um byggingartæknileg og listræn úrlausnatriði í friðlýstum, friðuðum og varðveisluverðum byggingum.

Merkingar á friðlýstum og friðuðum minjum og mannvirkjum og eftirlit með frágangi umhverfis við friðlýsta og friðaða minjastaði og mannvirki.

2.4 Minjavarðasvið

Minjavarðasvið framfylgir stefnu stofnunarinnar í héraði og vinnur að samhæfingu á starfi minjavarðanna og mótar samstarf á milli minjasvæða.

Verkefni sviðsins eru m.a.:

Umsagnir, eftirlit og verndun. Sviðið vinnur að umsögnum um framkvæmdir og skipulagsmál. Það hefur eftirlit með friðlýstum minjum, fornleifarannsóknum og verkefnum styrktum af fornleifa- og húsafriðunarsjóði. Það vinnur einnig að upplýsingamiðlun, kynningu og fræðslu í héraði. Þá gefa minjaverðir leiðbeiningar og ráðgjöf um verndun minja.

Friðlýstar minjar. Minjavarðasvið hefur umsjón með friðlýstum fornleifum, metur ástand minjanna og minjagildi og ef veitt er leyfi til rannsókna á friðlýstum minjum tekur minjavörður svæðisins þátt í þeirri rannsókn. Minjaverðir koma með nýjar tillögur að friðlýsingum og meta hvort eðlilegt sé að endurskoða eldri friðlýsingar.

Þróun nýrra verkefna í héraði. Þróun nýrra verkefna í héraði í þágu þekkingaröflunar um svæðið, byggðapróunar og menningartengdrar ferðaþjónustu er meðal verkefna sem minjaverðirnir styðja við.

Minjaráð. Innan hvers minjasvæðis starfar minjaráð sem er samráðsvettvangur fólks af minjasvæðinu sem fjallar um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins og stýra minjaverðir fundum og starfsemi minjaráðanna.

2.5 Mannauðsmál

Starfsmenn stofnunarinnar eru 14 í sex starfsstöðvum: Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

Á fyrsta ársfjórðungi voru arkitektarnir Pétur H. Ármannsson og Gunnþóra Guðmundsdóttir ráðin samanlagt í 150% starf og Esther Anna Jóhannsdóttir fjármálastjóri í fullt starf. Í lok árs var Hafliði Eiríkur Guðmundsson bókasafns- og upplýsingafræðingur ráðinn tímabundið til að skrá bókasafn hinnar nýju stofnunar.

2.5.1 Sumarstarfsmenn

Minjastofnun Íslands studdi háskólanema til að taka þátt í verkefni um Eyðibýlarannsóknir sem Gísli Sverrir Árnason leiðir. Minjastofnun Íslands hefur undanfarin ár haldið úti staðarvörslu á Þingeyrum í Húnaþingi í samvinnu við sóknarnefnd kirkjunnar. Að jafnaði hafa tveir starfsmenn verið ráðnir til starfans og hefur Minjastofnun mannað aðra stöðuna, nú síðast í gegnum átak Vinnumálastofnunar við sköpun sumarstarfa fyrir námsmenn. Til starfans var ráðinn Níels Pálmi Jónsson, en hann hefur sinnt starfinu nokkur undanfarin ár, með aðsetur í Klausturstofu á Þingeyrum.

2.6 Ráðgefandi nefndir

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda: fornminjanefndar og húsafríðunarnefndar og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð mönnum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum.

2.6.1 Fornminjanefnd

Þann 25. febrúar 2013 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fornminjanefnd sbr. ákvæði 8. gr. laga um menningarminjar. Þeir sem sitja í nefndinni eru:

- Þórhallur Þráinsson formaður, skipaður án tilnefningar,
- Sandra Sif Einarsdóttir varaformaður, tilnefnd af félögum fornleifafræðinga,
- Halldóra Ásgeirsdóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- Hulda Proppé tilnefnd af Rannís,
- Pétur Ólafsson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn eru:

- Guðmundur Hálfðánarson skipaður án tilnefningar,

- *Oddgeir Isakssen* tilnefndur af félögum fornleifafræðinga,
- *Bórdís Anna Baldursdóttir* tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- *Eiríkur Stephensen* tilnefndur af Rannís,
- *Kristín Þórðardóttir* tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skipunartímabil er frá 15. febrúar 2013 til 14. febrúar 2017.

Hlutverk fornminjanefndar er eftirfarandi:

- a. að vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og fornleifarannsóknir ásamt Minjastofnun Íslands,
- b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu fornleifa og afnám friðlýsingar samkvæmt ákvæðum laga áður en þær eru sendar ráðherra,
- c. að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr fornminjasjóði,
- e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.

Kostnaður af starfsemi fornminjanefndar greiðist úr fornminjasjóði.

Fyrsta verk nefndarinnar var að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem síðan voru staðfestar af ráðherra. Úthlutunarreglur fornminjasjóðs eru birtar á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is. Einnig voru samdar vinnu- og verklagsreglur fyrir nefndina vegna mats á umsóknum í fornminjasjóð.

Minjastofnun úthlutar styrkjum úr fornminjasjóði að fengnum umsögnum fornminjanefndar og annast stofnunin umsýslu sjóðsins auk þess sem hún hefur eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr honum.

Auk vinnufunda 16. og 20. maí vegna umsagna um styrkumsóknir voru fjórir formlegir fundir haldnir á árinu 2013.

2.6.2 Húsafriðunarnefnd

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði húsafriðunarnefnd frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016. Skipaðir voru eftirfarandi fulltrúar:

- *Magnús Skúlason* formaður, skipaður án tilnefningar,
- *Hanna Rósa Sveinsdóttir* skipuð án tilnefningar,
- *Gunnþóra Guðmundsdóttir* tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands,
- *Margrét Leifsdóttir* tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- *Pétur H. Ármannsson* tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn voru skipuð:

- *Snorri Freyr Hilmarsson* skipaður án tilnefningar,
- *Sigríður Sigurðardóttir* skipuð án tilnefningar,
- *Magnús Karel Hannesson* tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- *Sigurður Einarsson* tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
- *Sigríður Björk Jónsdóttir* tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Þau Pétur og Gunnþóra sátu fyrsta fund nefndarinnar en voru skömmu síðar ráðin starfsmenn Minjastofnunar. Tóku varamenn þá við störfum þeirra í nefndinni. Undir lok árs voru *Jón Sigurpálsson* og *Júlíana Gottskálksdóttir* tilnefnd sem aðalmenn í stað Péturs og Gunnþóru auk þess sem *Margrét*

Dormar tók við af Margréti Leifsdóttur sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Húsafriðunarnefnd er ráðgefandi nefnd fyrir Minjastofnun Íslands og er hlutverk hennar eftirfarandi skv. 9. gr. laganna:

- a. að vinna að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands,
- b. að fjalla um tillögur stofnunarinnar um friðlýsingu húsa og mannvirkja, afnám friðlýsingar, breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum eða förgun þeirra áður en þær eru sendar ráðherra,
- c. að setja húsafriðunarsjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- d. að veita umsögn um styrkumsóknir úr húsafriðunarsjóði,
- e. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin samkvæmt lögum.

Nefndin hélt níu fundi á árinu, alla að Suðurgötu 39 í Reykjavík nema sjötta fundinn sem var haldinn að Gömlu Borg í Grímsnesi þegar nefndin átti leið þar um. Fyrsta verk nefndarinnar var að setja fornminjasjóði úthlutunarreglur sem síðan voru staðfestar af ráðherra. Úthlutunarreglur húsafriðunarsjóðs eru birtar á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is.

Vinnufundir nefndarinnar vegna styrkumsókna voru haldnir dagana 6. og 7. maí þar sem farið var yfir styrkumsóknir til húsafriðunarsjóðs árið 2013 og samþykkt umsögn til Minjastofnunar.

Húsafriðunarnefnd fór í ferð um Suðurland ásamt starfsmönnum Minjastofnunar á árinu.



*Húsafriðunarnefnd á
leið inn að
Seljavallalaug.*

3. Fjármál

3.1 Minjastofnun Íslands

Snemma árs 2013 var fyrir séð að þær fjárheimildir sem nýrri stofnun, Minjastofnun Íslands, hafði verið úthlutað við sameiningu Húsafriðunarnefndar ríkisins og Fornleifaverndar ríkisins, myndu ekki duga fyrir rekstri stofnunarinnar á árinu. Ýmis útgjöld féllu til vegna sameiningar stofnananna sem ekki hafði verið gert ráð fyrir og einnig varð aukning á umfangi ýmissa verkefna vegna lagabreytinga. Aukið framlag fékkst með fjárauðalögum sem samþykkt voru á Alþingi 19. desember 2013 til að standa straum af þessum óvæntu útgjöldum. Hluti af þeim kostnaði sem búist hafði verið við á árinu 2013 skilaði sér þó ekki inn fyrir árslok en gert er ráð fyrir að hann falli til á árinu 2014. Fyrir vikið skilaði stofnunin rekstrarafgangi á árinu 2013.

Rekstrarreikningur 2013		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Sértekjur		19.091.465
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	19.091.465
Gjöld		
Almennur rekstur stofnunar		173.058.203
Veittir styrkir til minjaverndarverkefna		205.000.000
	Gjöld samtals	378.058.203
Tekjur umfram gjöld		-358.966.738
Framlag úr ríkissjóði til styrkveitinga		205.000.000
Framlag úr ríkissjóði til reksturs		165.600.000
	Hagnaður/-tap ársins	11.633.262

3.2 Fornminjasjóður

Árið 2013 var fyrsta árið sem sjóðurinn var í umsýslu Minjastofnunar Íslands og varð afgangur af rekstri sjóðsins í árslok. Ekki var fyrir séð í upphafi árs hver nákvæmur kostnaður yrði vegna rekstrar sjóðsins, meðal annars vegna starfa fornminjanefndar sem fékk aukin hlutverk með nýjum lögum. Auk þess var neikvæð staða á sjóðnum 1. janúar 2013 þegar Minjastofnun tók við umsýslu hans. Þess var því gætt við styrkúthlutanir ársins 2013 að ráðstafa ekki öllum sjóðnum heldur skilja eftir hluta af honum til ráðstöfunar síðar. Afgangur sjóðsins á árinu 2013 verður fluttur óskertur milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins árið 2014. Sjá nánar kaflann *Fornminjasjóður* bls. 30.

Rekstrarreikningur 2013		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Sértekjur		0
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	0
Gjöld		
Stofnkostnaður		36.984.799
610 Fornminjasjóður		36.984.799
	Gjöld samtals	36.984.799
Tekjur umfram gjöld		-36.984.799
Framlag úr ríkissjóði		42.200.000
	Hagnaður/-tap ársins	5.215.201

3.3 Húsafriðunarsjóður

Árið 2013 var fyrsta árið sem húsafriðunarsjóður var í umsýslu Minjastofnunar Íslands og varð afgangur af rekstri hans í lok árs. Ekki var fyrir séð í upphafi árs hver nákvæmur kostnaður yrði vegna rekstrar sjóðsins, meðal annars vegna starfa húsafriðunarnefndar sem fékk fleiri hlutverk með nýjum lögum. Þess var því gætt við styrkúthlutanir ársins 2013 að ráðstafa ekki öllum sjóðnum heldur skilja eftir hluta af honum til ráðstöfunar síðar. Auk þess er hefð fyrir því og æskilegt að ávallt sé til ákveðinn lágmarksvarasjóður sem nýta má ef upp koma neyðartilvik sem kalla á skyndibjörgun mikilvægra mannvirkja er hafa verulega mikið menningarlegt gildi. Afgangur sjóðsins á árinu 2013 verður fluttur óskertur milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins árið 2014. Sjá nánar kaflann *Húsafriðunarsjóður* bls. 30.

Rekstrarreikningur 2013		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Sértekjur		48.236.250
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	48.236.250
Gjöld		
Stofnkostnaður		265.777.494
610 Húsafriðunarsjóður		265.777.494
	Gjöld samtals	265.777.494
Tekjur umfram gjöld		-217.541.244
Framlag úr ríkissjóði		248.800.000
	Hagnaður/-tap ársins	31.258.756


Sértekjur í rekstrarreikningi Húsafriðunarsjóðs eru framlög sveitarfélaga sem greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

4. Rannsóknir og miðlun


Starfsmenn Minjastofnunar Íslands áttu á árinu fund með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna staðla um minjaskráningu. Lokið var við vinnu vegna staðla um fornleifaskráningu en eftir var að ljúka stöðlum um skráningu bygginga.

4.1 Rannsóknir

Nýjar [reglur um leyfi til fornleifarannsókna nr. 339/2013](#) byggðar á lögum um menningarminjar voru birtar í Stjórnartíðindum 18. apríl 2013 og tóku gildi sama dag.



Alls voru veitt 46 leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér en einni umsókn var hafnað.




Lista yfir veitt leyfi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

4.2 Miðlun

Unnið var að heimasíðu fyrir hina nýju stofnun www.minjastofnun.is. Hópur starfsmanna vann að síðunni í samvinnu við Hugsmiðjuna. Heimasíðan var formlega tekin í notkun á hádegisfundi Minjastofnunar Íslands, 27. nóvember 2013. Yfirumsjón með verkefninu höfðu Guðlaug Vilbogadóttir og Sólborg Una Pálsdóttir.

Starfsmenn minjastofnunar skrifuðu greinar í innlend og erlend tímarit og bækur, héldu fyrirlestra og kenndu á ýmsum námskeiðum.




**Kristín Huld
Sigurðardóttir
skrifaði greinina
„The Fight Against
Nature“ í rit EAC
Who cares?
Perspectives on
Public Awareness,
Participation and
Protection in
Archaeological
Heritage
Management.**

5. Inn- og útflutningur menningarminja

Við samþykkt nýrra laga nr. 57/2011 og nr. 80/2012 voru Minjastofnun Íslands falin verkefni sem áður höfðu verið hjá Safnaráði og tengjast inn- og útflutningi minja og skilum minja til annarra landa. Ýmis mál tengd útflutningi og sölu minja úr landi komu upp á árinu og var stofnunin í samskiptum við uppboðshaldara vegna útflutnings minja, m.a. Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn. Enginn starfsmaður eða fjármagn fylgdi með þessum verkefnum en ljóst er að nauðsynlegt er að stofnuninni verði gert kleift að efla þennan þátt starfseminnar þannig að unnt verði að auka samstarf við aðrar þjóðir vegna þessa málaflokks og einnig til að bæta upplýsingamiðlun um málaflokkinn til Íslendinga.

Um skilyrði til leyfisveitinga vegna útflutnings menningarminja er fjallað í 44. til 50. gr. [laga um menningarminjar nr. 80/2012](#).



Skylt er að senda umsóknir um leyfi til útflutnings til Minjastofnunar, en þar til gerð eyðublað og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.minjastofnun.is/minjar/utflutningur-menningarverdmaeta/>.




Tilgangur laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náð samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis sé það kunnugt. Skulu lögreglufirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist. Tollyfirvöld eiga tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins. Engin slík mál komu upp á árinu 2013.

6. Umhverfi og skipulag

Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiskonar framkvæmdir. Þá er um að ræða allt frá breytingum á friðuðum og friðlýstum húsum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga.



Í 29. – 30. gr. [laga um menningarminjar nr. 80/2012](#) er kveðið á um að ekki megi breyta, rífa eða flytja friðlýst hús eða hús sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 og fyrr nema leita álits Minjastofnunar Íslands.



Stofnunin veitti 10 aðrar umsagnir sem falla ekki undir þessa flokkun, flestar um varðveislugildi húsa. Þessu til viðbótar veittu starfsmenn Minjastofnunar fjölda húseigenda, arkitekta, byggingarfulltrúa og fleiri aðilum ýmsa ráðgjöf og upplýsingar um hús og mannvirki víðs vegar um landið.

7. Verndun og friðlýsingar

7.1 Úttektir á sviði húsverndar

Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs fór ásamt minjavörðum viðkomandi svæða í 8 lengri vettvangsferðir á nær öll minjasvæði landsins auk styttri ferða í Reykjavík og á Reykjanes. Einnig var farið í sérstaka vettvangsferð með húsafriðunarnefnd á Suðurland til að skoða verkefni sem hlutu styrk úr húsafriðunarsjóði.




*Hluti sumarhúss
Einars Jónssonar
myndhöggvara að
Galtafelli í
Hrunamannahreppi.*

7.2 Tillögur um friðlýsingu

Engar minjar voru friðlýstar á árinu 2013 en hafinn var undirbúningur að tillögum til ráðherra að friðlýsingu eftirtalinna mannvirkja:

- *Stóri-Núpur, Gnúpverjahreppi*. Ytra byrði og upprunalegar innréttingar íbúðarhúss sr. Valdimars Briem.
- *Bæjarbíó, Hafnarfirði*. Innréttingar í anddyri, forsal og bíósal.
- *Galtafell, Hrunamannahreppi, sumarhús Einars Jónssonar myndhöggvara*. Ytra borð og innréttingar.
- *Eldri byggð timburhúsa við Ingólfstorg, Reykjavík*, er taki til ytra borðs húsa á eftirtöldum lóðum: Hafnarstræti 4, vesturhluti; Austurstræti 3; Austurstræti 4; Veltusund 3b; Vallarstræti 4; Aðalstræti 7.
- *Salur Sjálfstæðishússins í bakálmum Thorvaldsensstrætis 2 (Nasa)*. Friðlýsing taki til innviða, rýmisskipunar og varðveittra hluta af upprunalegum innréttingum í sal gamla Sjálfstæðishússins í bakálmum friðlýsts húss við Thorvaldsensstræti 2.
- *Kárastaðir, Bláskógabyggð*. Ytra borð, sambyggð útihús og upprunalegar innréttingar gamla íbúðarhússins.

- *Múlakot í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.* Friðlýsingin taki til staðarins í heild innan afmarkaðs svæðis, gamla íbúðar- og gistihússins og annarra uppistandandi staðarhúsa, rústa útihúsa og annarra fornminja, garðsins framan við húsið og lystihússins í garðinum.
- *Hreppslaug í Andakíl, Skorradalshreppi í Borgarfirði, byggð 1928–29.* Friðlýsingin taki til steinsteypis hluta hins upphaflega laugarmannvirkis en nái ekki til seinni tíma breytinga eða þjónustuhúss. Eigandi laugarinnar, Ungmennafélagið Íslendingur, óskaði eftir friðlýsingu laugarinnar.



*Salur
Sjálfstæðishússins í
bakálm
Thorvaldsenstrætis 2
(Nasa).*

8. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum.

8.1 Innlend verkefni

Minjastofnun fékk á árinu til umsagnar *frumvarp til laga um náttúruvernd* (heildarlög) 429. mál og *tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda*, þingskjal 35 – 35. mál auk þess sem stofnunin vann að reglugerðardrögum með lögum um menningarminjar (nr. 80/2012).

Kirkjugarðaráð og Minjastofnun Íslands gerðu með sér *samkomulag um samvinnu vegna skráningar og staðsetningar minningarmarka í kirkjugörðum* í apríl 2013.

Húsverndarstofa er rekin í samvinnu Minjastofnunar Íslands, Minjasafns Reykjavíkur og Iðunnar fræðsluseturs. Þar er veitt ráðgjöf um viðhald og viðgerðir eldri húsa, t.d. hvernig best sé að bera sig að áður en framkvæmdir hefjast, tæknilegar útfærslur og litaval. Húsaverndarstofa er opin í Kjöthúsinu í Árbæjarsafni alla miðvikudaga milli kl. 16 og 18. Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt hefur annast ráðgjöf Minjastofnunar Íslands.



Húsaverndarstofa er opin í Kjöthúsinu í Árbæjarsafni einu sinni viku (opnunartíma má sjá á heimasíðum Árbæjarsafns og Minjastofnunar Íslands).

Ritröðin *Kirkjur Íslands* er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á kirkjurnar frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um tvö viðfangsefni: Annars vegar hið varðveitta mannvirki, byggingarlist þess og sögu, hins vegar kirkjugripi og minningarmörk, list þeirra og sögu. Frá upphafi hafa Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag staðið að útgáfunni auk annarra samstarfsaðila, m.a. Fornleifaverndar Íslands um skeið. Í upphafi

árs 2013 tók Minjastofnun Íslands við því hlutverki sem Húsafriðunarnefnd hafði áður.

Á árinu 2013 komu út tvö bindi í ritröðinni, 21. og 22. bindi, sem bæði fjalla um friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi. Gert er ráð fyrir að fullbúin verði ritröðin 28 bindi. Nánari upplýsingar um verkefnið og útgefin bindi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

8.2 Erlend verkefni

Á árinu hófst Evrópuverkefnið *LoCloud* sem Minjastofnun Íslands tekur þátt í með 31 aðila frá 28 löndum. Verkefnið mun kanna möguleika á ský-tækninni til að safna saman staðbundnu stafrænu efni. Það mun einnig þróa ýmsa sérþjónustu, t.d. til að auðga upplýsingar um staðsetningar og lýsigögn, fjöltyngd orðasöfn um staðbundna sögu og fornleifafræði og fleira. Þrír fundir voru haldnir á árinu, 19.–20. mars í Osló, 12.–13. september í York og 27.–28. nóvember í London.

Evrópuverkefnið *ARCHES* hélt áfram á árinu. Tilgangur verkefnisins er að sameinast um evrópskan staðal sem gagnast í stjórnun og meðhöndlun menningararfsins í Evrópu og til að búa til „best practice“-handbók um fornleifafræðilega gagnavörslu. Verkefnið er samstarfsverkefni átta aðila frá sjö Evrópuríkjum. Fundur með samstarfsaðilunum var haldinn í Reykjavík 24.–25. september.



ARCHES-fundur í Reykjavík í september 2013.
Fulltrúi Minjastofnunar Íslands, Sólborg Unar Pálsdóttir, situr fyrir miðju.

Einn þáttur ARCHES-verkefnisins var að Minjastofnun hélt vinnufund með íslenskum fagaðilum 3. apríl 2013, til að ræða tillögur að stöðlum sem unnið er að í verkefninu. Á fundinn mættu fulltrúar frá Fornleifafræðingafélagi Íslands,

Félagi íslenskra fornleifafræðinga og Þjóðminjasafni Íslands. Fundarmenn töldu að staðlarnir myndu gagnast þeim í starfi og höfðu áhuga á sambærilegri vinnu á ýmsum sviðum menningararfsins.

Minjavörður Suðurlands er í norræna samstarfshópnum *CERCMA – Cultural Environment as Resource in Climate Change Mitigation and Adaptation*, sem fjallar um hættuna er steðjar að menningararfinum vegna loftslagsbreytinga.

Minjastofnun Íslands á fulltrúa í stjórn *EAC – European Archaeological Council*, samtökum stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Stjórnarfundir eru haldnir þrisvar sinnum á ári auk aðalfundar og ráðstefnu einu sinni á ári.

Tilnefning víkingaminja á Heimsminjaskrá UNESCO er á lokasprettinum en senda á umsóknina inn fyrir 1. febrúar 2014. Agnes Stefánsdóttir er verkefnisstjóri og tók verkefnið stóran hluta af vinnutíma hennar árið 2013. Alls voru haldnir fjórir fundir vegna verkefnisins á árinu, tveir í Kaupmannahöfn, einn í Osló og einn í Slésvík.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi *þjóðminjavarða Norðurlandanna* og fundi *forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum)*. Fundur þjóðminjavarðanna var haldinn í Ilulissad á Grænlandi og fundur forstöðumanna minjastofnana Evrópu í Osló í Noregi. Minjavörður Norðurlands vestra sótti undirbúningsfund norræna verkefnisins *Økosystemtjenester – kulturarvens rolle og bidrag* í Kaupmannahöfn.

Verkefnið snýst um að skoða hvernig hægt sé að nýta aðferðir vistkerfaþjónustu við vernd og nýtingu menningararfs.



Fundur
þjóðminjavarða
Norðurlanda var
haldinn í Ilulissad á
Grænlandi í júní.

9. Minjasvæðin

Skrifstofur minjavarða Minjastofnunar Íslands eru vettvangur og miðstöð minjavörslunnar í héraði. Þar er hægt að leita sér upplýsinga um fornleifar, hús og minjamál á svæðinu og fá leiðbeiningar um hvaðeina sem varðar minjar og skipulag, framkvæmdir, nýtingu, miðlun, rannsóknir og varðveislu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja. Hér að neðan er sagt frá helstu málum, öðrum en lögbundnum afgreiðslumálum, sem komu upp bæði að frumkvæði minjavarða og heimamanna á hverju minjasvæði.

9.1 Reykjavík



*Friðlýstar tóftir
Breiðholtsbæjarins í
Reykjavík áður en
ráðist var í fegrun
umhverfis hans.*

Reykjavíkurborg lýsti vilja sínum til að fegra umhverfi friðlýstu fornleifanna á gamla bæjarstæði Breiðholtsbæjarins. Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt sá um hönnun svæðisins og starfsmenn borgarinnar um framkvæmdir á staðnum. Verkefnið var unnið í samvinnu við Minjasafn Reykjavíkur.

9.2 Reykjanes



Fulltrúar
Minjastofnunar
Íslands og
Þjóðminjasafns
Íslands heimsækja
fornleifauppgröft á
grunni
Krýsuvíkurkirkju, en
þar er ætlunin að
reisa eftirlíkingu af
friðlýstu kirkjunni
sem brann í upphafi
árs 2010.

Grindavíkurbær fékk styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að gera göngustíga og setja upplýsingaskilti í Húshólma og á Selatöngum. Sveitarfélagið leitaði eftir samstarfi við Minjastofnun Íslands. Unnið var að undirbúningi þess á árinu og voru meðal annars gerðar nákvæmar uppmælingar á friðlýstum minjum á Selatöngum í landi Ísólfskála í Grindavík með GPS-tæki. Um er að ræða verbúðatóftir, fiskbyrgi, fiskgarða og önnur gömul mannvirki í hinni fornu verstöð á Selatöngum.

Skátar í Mosfellsbæ hafa á undanförnum árum unnið að því að stika gönguleiðir um sveitarfélagið í samvinnu við bæjaryfirvöld. Sett voru upp upplýsingaskilti við markverða staði á gönguleiðunum, m.a. við fornleifar, og veitti Minjastofnun Íslands ráðgjöf um staðsetningu skilta við þær.

9.3 Vesturland



*Skoðunarferð í
Surtshelli.*

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti styrk til undirbúningsvinnu til að bæta aðgengi að Surtshelli og verndun minja þar. Í samráði við heimafólk var ákveðið að gera könnun á hruni úr hellinum áður en lengra væri haldið. Minjavörður Vesturlands hélt áfram uppmælingum og endurmati á friðlýstum minjum. Mældar voru upp 7 minjar á fjórum jörðum. Jafnframt var lögð áhersla á að finna þær minjar sem eftir er að mæla upp og safna saman heimildum um þær. Unnið er að skýrslum um friðlýstar minjar í Borgarfjarðar-, Mýra-, og Dalasýslu, en þar er svo gott sem búið að mæla upp allar friðlýstar minjar sem enn eru sýnilegar.

9.4 Vestfirðir



*Heimsókn á
Hrafseyri. Margrét
Hrönn
Hallmundsdóttir
fornleifafræðingur
sýnir
uppgraftarsvæðið.*

Enginn minjavörður var á Vestfjörðum árið 2013 og sáu minjaverðir Vesturlands og Norðurlands vestra um að afgreiða þau mál sem upp komu á svæðinu.


9.5 Norðurland vestra



*Keflavík á Hegranesi.
Miðaldakirkjugarður
kom í ljós við
rafveitufram-
kvæmdir RARIK í
gamla túninu.*

Minjavörður Norðurlands vestra hefur undanfarin ár unnið að verkefninu **Á söguslóð Vatnsdæla sögu** í samvinnu við ferðapjónustuaðila í Húnaþingi. Minjavörður hefur einnig unnið að verkefninu **Sturlungaslóð** með ferðapjónustuaðilum o.fl. stofnunum í Skagafirði. Meginmarkmið beggja verkefnanna er að bæta aðgengi og veita upplýsingar um merka minjastaði, m.a. með uppsetningu upplýsingaskilta, útgáfu af ýmsu tagi og viðburðum. Minjavörðurinn gerði könnun á minjum sem komu í ljós við rafveituframkvæmdir (RARIK) í Keflavík á Hegranesi. Um er að ræða kirkjugarð frá 11. öld. Verkið var unnið í samvinnu við Byggðasafn Skagfirðinga (Guðnýju Zoëga, fornleifa- og mannabeinafræðing).

9.6 Norðurland eystra



*Kumlateigur að
Ingiríðarstöðum í
Þegjandadal.
Minjavörður
heimsækir
uppgrftarstað.*

Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu við minjarnar á Gásum í Eyjafirði. Sunnan við minjarnar er gert ráð fyrir tilgátusvæði, þar sem endurgerð verða mannvirki og sýnt handverk, eins og það er talið hafa verið í hinum forna Gásakaupstað. Nokkur ár eru síðan bílaplan var gert og upplýsingaskiltum komið fyrir ofan við minjasvæðið. Í sumar var unnið að stígagerð um svæðið. Minjavörður vann að áætlun umfangsmikilla björgunarrannsóknna vegna iðnaðarlóðar PCC-SE og tengdra mannvirkja á Bakka við Húsavík. Byrjað var að gera könnunarskurði sumarið 2012 en stærsti hluti uppgrftar fór fram í sumar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á svæðinu hefjist 2014.

9.7 Austurland



*Starfsfólk
Minjastofnunar
Íslands í
skoðunarferð á
Austfjörðum.*

Minjavörður Austurlands var í leyfi árið 2013 og sinntu aðrir starfsmenn stofnunarinnar verkefnum á svæðinu eftir þörfum.

9.8 Suðurland



*Tillaga að hönnun
umhverfis Stangar í
Þjórsárdal.*

Í upphafi árs fékk Minjastofnun Íslands 20 milljóna króna styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hönnunar uppbyggingar og bætts aðgengis í Stöng í Þjórsárdal. Arkitektarnir Karl Kvaran og Sahar Ghaderi unnu

Það verkefni með aðstoð frá VSB-verkfræðistofu og TARK-arkitektum. Minjastofnun Íslands var í samskiptum við Halldóru Vífilsdóttur arkitekt, aðstoðarforstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins, vegna verkefnisins og ráðgjafarnefnd skipuð Kristínu Huld Sigurðardóttur, Kristófer Tómassyni sveitarstjóra, Auði Sveinsdóttur landslagsarkitekt, Steinþóri Kára Kárasyni arkitekt, Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa, Hörpu Cilia Ingólfssdóttur, sérfræðingi í aðgengi fyrir fatlaða, og Ugga Ævarssyni minjaverði stýrði faglegri vinnu vegna verkefnisins.

Á árinu fékkst styrkur frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar Vígðulaugar á Laugarvatni og nærumhverfis. Framkvæmdum mun ljúka 2014. Minjavörður Suðurlands, Uggi Ævarsson, hefur umsjón með þessu verkefni. Minjavörður Suðurlands gróf ásamt fleirum í tóft í Ódádahrauni sem hefur verið mönnum ráðgáta, ekki síst vegna staðsetningar. Úrvinnslu gjóskusýna er ekki lokið og liggja niðurstöður um eðli og umfang tóftarinnar ekki fyrir nema að nokkru leyti. Minjavörður hreinsaði einnig snið á Seljalandi undir Eyjafjöllum, framan við Papahelli, í þeirri von að finna og tímasetja uppmoksturinn frá því hellirinn var höggvinn út. Ekki gekk það eftir.

10. Sjóðir

Mikill tími starfsfólksins í Reykjavík, árið 2013, fór í ýmsa umsýslu tengda nefndum og sjóðum, m.a. vegna nýrra úthlutunarreglna fyrir sjóðina, móttöku umsókna, mat á þeim, samningagerð og samskipti við styrkþega. Sjóðirnir voru auglýstir tvisvar árið 2013, í janúar vegna úthlutunar ársins 2013 og í október fyrir árið 2014.

10.1 Fornminjasjóður

Árið 2013 var fyrsta árið sem Minjastofnun Íslands sá um úthlutun styrkja úr fornminjasjóði (áður fornleifasjóði) en frá og með 1. janúar þ.á. færðist ábyrgð á úthlutun styrkja úr sjóðnum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til Minjastofnunar Íslands auk þess sem hlutverk fornminjanefndar breyttist. Nefndin, sem áður hafði séð um úthlutun styrkja, gegnir nú ráðgefandi hlutverki fyrir Minjastofnun Íslands.

Alls bárust 90 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2013. Sótt var samtals um 190.009.750 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru um 34.000.000 kr., að teknu tilliti til kostnaðar við umsýslu sjóðsins og starfa fornminjanefndar.

Tafla 10.1 Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifa-rannsóknir (uppgroftur /skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík	8	2	0	0	0	1.300	1.300
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	6	4	2.900	0	0	400	3.300
Vesturland	11	2	1.500	0	0	0	1.500
Vestfirðir	9	4	5.000	0	0	0	5.000
Norðurland	31	9	15.100	0	0	0	15.100
Austurland	2	1	800	0	0	0	800
Suðurland	13	3	3.750	75	0	0	3.825
	80	25	29.050	75	0	1.700	30.825
Fornleifarannsóknir (á landsvísi)	3	0					
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	5	2					1.700
Rannsóknir á forngrípum	5	2					1.400
	13	4					
SAMTALS	93	29					33.925

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins má finna í [skýrslu um úthlutun 2013](#) á heimasíðu Minjastofnunar.

10.2 Húsafríðunarsjóður

Húsafríðunarsjóður veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Einnig ber sjóðnum að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr sjóðnum að fenginni umsögn húsafríðunarnefndar. Styrkir úr húsafríðunarsjóði eru ákveðnir í samræmi við



úthlutunarreglur nr. 182/2013, sem samþykktar voru á fundi húsafriðunarnefndar 24. janúar 2013 og staðfestar af mennta- og menningarmálaráðherra 25. febrúar 2013.

Tekjur sjóðsins eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins.

Auglýst var eftir umsóknum í húsafriðunarsjóð í byrjun mars og rann umsóknarfrestur út 1. apríl 2013. Umsóknareyðublöð voru aðgengileg á rafrænu formi á vef Minjastofnunar Íslands.

Alls bárust 309 umsóknir um styrki úr húsafriðunarsjóði, en veittur var 281 styrkur. Heildarkostnaður við þau verkefni sem sótt var um til var rúmlega einn milljarður króna. Í **töflu 10.3** má sjá sundurliðun umsókna og styrkja. Framlag til einstakra verkefna má sjá á heimasíðu Minjastofnunar undir liðnum [Sjóðir](#). Árið 2013 nam framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 48.236.250 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 248.800.000 kr. Þegar tekið hafði verið tillit til kostnaðar af starfsemi húsafriðunarnefndar og umsýslukostnaðar Minjastofnunar Íslands komu 272.000.000 kr. til úthlutunar. Aldrei hefur meira fé verið til ráðstöfunar í húsafriðunarsjóði síðan hann var stofnaður.

Tafla 10.3 Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík	46	44	2.000	14.300	12.500	3.500	32.300
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	11	10	8.000	5.000	10.600	0	23.600
Vesturland	30	25	5.300	2.900	7.600	2.300	18.100
Vestfirðir	58	55	6.900	2.500	16.100	6.600	32.100
Norðurland	60	57	27.500	2.100	16.700	4.700	51.000
Austurland	39	38	4.900	4.800	11.300	3.600	24.600
Suðurland	38	33	13.600	400	7.500	3.800	25.300
	282	262	68.200	32.000	82.300	24.500	207.000
Bæja- og húsakannanir	8	5					3.200
Rannsóknir og önnur verkefni	19	14					41.800
Óráðstafað							20.000
SAMTALS	309	281					272.000

Við styrkúthlutun var ákveðið að 20.000.000 kr. yrði ekki úthlutað strax, en hægt yrði að veita þeim til brýnna verkefna sem gætu ekki beðið. Á árinu var ákveðið að nýta 6.430.000 kr. af þessu óráðstafaða fé til eftirtalda verkefna:

Tafla 10.2 Sérstakar styrkveitingar

Blómsturvellir, Presthúsabraut 26, Akranesi	300.000
Riis-hús, Borðeyri	600.000
Ólafsdalur, vatnshús	500.000
Brydebúð, Vík í Mýrdal	500.000
Möðruvallaklausturskirkja, Hörgárdal	500.000
Aðalgata 6b, frystihús, Siglufirði	500.000

Aðalstræti 54A, norðurhluti, Akureyri	300.000
Eystri-Dyrhólar, Mýrdal	500.000
Kárastaðir, Þingvöllum	300.000
Múlakot, Fljótshlíð	2.000.000
Sauðafell, Dölum	250.000
Útstekkur, Reyðarfirði	180.000
Samtals	6.430.000

Í fyrrnefndum reglum um úthlutun úr húsafríðunarsjóði er kveðið á um að Minjastofnun Íslands geri samning um greiðslu styrks úr húsafríðunarsjóði, sé styrkupp hæð 1,5 m.kr. eða hærri, þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins. Á árinu 2013 var gerður 31 slíkur samningur.

Í lok ársins 2013 höfðu verið greiddir styrkir að upphæð kr. 150.890.000 til 170 verkefna.

Mörg undanfarin ár hefur verið auglýst eftir umsóknum um styrki úr húsafríðunarsjóði að hausti og frestur til að skila inn umsóknum hefur verið til 1. desember ár hvert. Vegna fyrirhugaðar sameiningar Húsafríðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins 1. janúar 2013 var ekki auglýst eftir umsóknum haustið 2012. Hins vegar þykir sá umsóknartími heppilegri en að vori. Var því ákveðið að auglýsa að nýju eftir umsóknum haustið 2013 og voru því í raun tvö umsóknartímabil árið 2013.

Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um miðjan október og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2013.

Alls bárust 262 umsóknir, sem skiptast þannig:

- 40 umsóknir vegna friðlýstra kirkna
- 33 vegna friðlýstra húsa
- 121 vegna friðaðra húsa og mannvirkja
- 48 vegna annarra húsa og mannvirkja
- 20 umsóknir vegna rannsóknarverkefna, m.a. byggða- og húsakannana

Sótt var samtals um 615.654.961 kr.

Gert var ráð fyrir að ákvörðun um styrkveitingar lægi fyrir um miðjan mars 2014.



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafríðunarsjóði
fyrir árið 2014

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 182/2013. Samkvæmt úthlutunarreglum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarleglegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggisvöðulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru meðar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildi þennar fyrir varðveislu byggingarleifðanna. Að þessa tími verður lögð áhersla á að veita styrki til endurbóta á friðlytum húsum og mannvirkjum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2013. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álta vð úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur efirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við áttund umsóknargögn. Best er á leiðbeiningartí Húsafríðunarsjóðar sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands og Húsvendastofu um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Arðeysarhlíð.

m
Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 33, 101 Reykjavík
Sími 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

11. Starfsmenn

Forstöðumaður

Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir

Forstöðumaður

Skrifstofa

Esther Anna Jóhannsdóttir
Hanna Jóhannsdóttir

Fjármálastjóri
Ritari

Rannsókn- og miðlunarsvið

Agnes Stefánsdóttir
Gunnar Bollason
Guðlaug Vilbogadóttir
Sólborg Una Pálsdóttir

Sviðsstjóri (fornleifafræðingur)
Verkefnastjóri (sagnfræðingur)
Sérfræðingur (fornleifafræðingur)
Deildarstjóri (fornleifafræðingur)

Umhverfis- og skipulagssvið

Gunnþóra Guðmundsdóttir
Kristinn Magnússon
Pétur Ármannsson

Sérfræðingur (arkitekt)
Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Sviðsstjóri (arkitekt)

Minjavarðasvið

Inga Sóley Kristjónudóttir
Magnús A. Sigurðsson
Sigurður Bergsteinsson
Uggi Ævarsson
Þór Hjaltalín

Minjavörður Austurlands
Minjavörður Vesturlands
Minjavörður Norðurlands eystra
Minjavörður Suðurlands
Sviðsstjóri/Minjavörður Norðurlands vestra

Kirkjur Íslands

Þorsteinn Gunnarsson

Ritstjóri



Starfsfólk Minjastofnunar Íslands í janúar 2013. Nýir starfsmenn á árinu 2013.